

## Skilablað – Húsnæðismál mennta- og menningarmálaráðuneytis

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við óflun leiguþúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna verkefnisins Húsnæðismál mennta- og menningarmálaráðuneytis.

#### 1 Upphaf verkefnis

Þann 9. júní 2015 óskuðu Þráinn Sigurðsson, sérfraðingur á skrifstofu stefnumótunar og fjárlagagerðar, og Jens Pétur Hjaltested, rekstrarstjóri á skrifstofu yfirstjórnar mennta- og menningarmálaráðuneytis, eftir fundi með verkefnastjóra FSR, Róberti Jónssyni, þar sem ræddar voru hugmyndir um framtíðarskipan húsnæðismála ráðuneytisins.

#### 2 Verklýsing

Verkefnið fölst í að skoða hugsanlegar breytingar og endurbætur á húsnæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins að Sölvhólsgötu 4 í Reykjavík. Eftir áðurnefndan fund með starfsmönnum ráðuneytisins 9. júní 2015 var óskað eftir því að FSR ynni frumathugun, þarfagreiningu og húsrymsáætlun fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Bókhalds- og greiðslubjónusta var hjá FSR frá og með desember 2015.

#### 3 Verknúmer

Verkefnið fékk verknúmerið 633 0098 þann 11. júní 2015. Í desember sama ár var ákveðið að verkefnið færi í bókhaldspjónustu hjá FSR og þá fékk verkefnið verknúmerið 602 0098.

#### 4 Framvinda

Vönduð þarfagreining og húsrymsáætlun var gefin út í mars 2016. Niðurstaða hennar er að húsnæðispörf ráðuneytisins miðað við uppgefinn fjölda starfsmanna (75) sé um 1.850 m<sup>2</sup>, sem gerir um 25 m<sup>2</sup> brúttó á hvern starfsmann, en í leiðbeiningum fjármála- og efnahagsráðuneytis er mælast til þess að brúttó fermetrar á starfsmann fari ekki yfir 18 m<sup>2</sup>. Núverandi húsnæði mennta- og menningarmálaráðuneytis að Sölvhólsgötu 4 er um 2.800 m<sup>2</sup>.

Árið 2016 voru lögð fram lokadrög að frumathugun sem unnin var á grundvelli fyrrnefndrar þarfagreiningar. Í frumathuguninni voru nokkrir kostir skoðaðir varðandi framtíðarhúsnæðismál mennta- og menningarmálaráðuneytis. Frumathugunin hefur ekki verið gefin formlega út og ekki hefur verið óskað eftir áframhaldandi vinnu FSR við verkefni síðan.

Í 2. mgr. 3. grein í reglum um fyrirkomulag skilamats kemur fram að hafi framkvæmd legið niðri í eitt ár eða lengur vegna þess að fé hafi ekki verið veitt til hennar á fjárlögum eða vegna annarra orsaka skuli gera sérstakt skilamat um þann hluta sem lokið er.

Verkefninu er því lokað með þessu skilablaði.

Að verkefninu komu, auk Róborts Jónssonar, Gíslína Guðmundsdóttir og Pétur Bolli Jóhanneson, verkefnastjórar hjá FSR.

#### 5 Kostnaður verksins

Kostnaður FSR við verkefnið var 1.271.899 kr.

#### 6 Niðurstaða verkefnis

Nokkrir raunhæfir möguleikar voru skoðaðir í frumathugunardögum til lausnar á húsnæðismálum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, en ljóst er að núverandi húsnæði er bæði allt of stórt fyrir ráðuneytið og þarfnað endurbóta.

#### 7 Ákvörðun verkkaupa

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um næstu skref en um þessar mundir er yfirstandardi heildarskoðun á húsnæðismálum alls Stjórnarráðsins, þar með talið mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

#### 8 Verklok

Ekki hefur verið unnið við þetta verkefni frá því um mitt ár 2016.

#### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðar staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

---

Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri

---

Gíslína Guðmundsdóttir

Gíslína Guðmundsdóttir verkefnastjóri